

REGLUGERÐ

fyrir

rafveitu Reyðarfjarðarhrepps.**11**

1. marz

1. gr.

Rafveita Reyðarfjarðar er fyrirtæki, sem stofnað er til á kostnað hreppsins, í þeim tilgangi, að veita íbúum Búðareyrarkauptúns, Teigagerðis og Kollaleyru raforku til heimilisnotkunar og annara þarfa, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir.

2. gr.

Yfirstjórn rafveitunnar er í höndum hreppsnefndarinnar. — Framkvæmdarstjórnin skal falin rafveitunefnd, er hreppsnefndin kýs til þriggja ára í senn.

3. gr.

Rafveitunefnd skipa 3 menn, og kýs hún sér formann og féhirði. Hún sér um umbætur og allt, er að starfrækslu rafveitunnar lýtur, sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil.

4. gr.

Rafveitunefnd skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar, sjá um að ætíð sé fyrirliggjandi nægilegt efni til reksturs og viðhalds á búnaði öllum. Skal hún halda glögga bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar svo og eignir og skuldir, semja ársreikning fyrir 1. febrúar ár hvert og senda hreppsnefndinni. Hreppsnefndin kýs tvo menn til að endurskoða reikninginn, og úrskurðar hann síðan.

5. gr.

Rafveitunefnd leggur fyrir hreppsnefndina tillögur um allar framkvæmdir og eru þær háðar samþykki hreppsnefndar. Fasta starfsmenn rafveitunnar skipar hreppsnefndin og vikur þeim frá hvorttveggja eftir tillögum rafveitunefndar, en rafveitunefnd setur þeim erindisbréf, er hreppsnefnd samþykkir.

6. gr.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar þessarar skipar hreppsnefndin stöðvarstjóra. Skal hann annast daglega starfrækslu rafstöðvarinnar, eftirlit, viðhald á vélum og taugum og annast allar verklegar framkvæmdir, er rafveituna snertir. Skyldur skal hann að mæta á fundum rafveitunefndar og hreppsnefndar, ef þess er óskað, og hefir þar tillögurétt um mál er varðar rafveituna, en ekki atkvæðisrétt.

11

1. marz

7. gr.

Stöðvarstjóri getur lokað fyrir strauminn, þegar um aðgerðir á útileiðslum eða eftirlit á vélum er að ræða, en velja skal hann til þess þann tíma, sem almenn notkun er minnst, enda sé reglulegum rekstri komið á eins fljótt og unnt er. Slíkar truflanir á rekstri stöðvarinnar skal auglýsa fyrir fram, ef auðið er, en þurfi skjótra aðgerða við, er stöðvarstjóra heimilt að loka fyrir strauminn fyrirvaralaust.

Hvorki stöðvun né truflun á rekstri rafstöðvarinnar hefir neina skaðabótaskyldu á hendur rafveitunni í för með sér. Rafmagnskaupendum, er kaupa raforku við föstu árgjaldi, ber ekki að greiða fyrir þann tíma er straumlaust er hjá þeim vegna truflana á rekstri stöðvarinnar eða veitukerfis rafveitunnar, sé það lengur en 10 sólarhringar í senn.

8. gr.

Rafveitan leggur húsálmur að húsvegg. Að öðru leyti kostar húseigandi algerlega innlagningu raftauganna, þar mað talið gegntak, stofnleiðsla og greinisgjald með öllum tilheyrandi tækjum að undanskyldum hemlum (og mælum) sem rafveitan leggur notendum til gegn sérstöku gjaldi. Um leiðslur á bryggjum gildir hið sama.

Húseigandi skal senda rafveitunefnd skriflega beiðni um samband við rafveituna, og taka fram, hve mikla orku hann býst við að kaupa. Skal rafveitunefnd tilkynna umsækjanda úrskurð nefndarinnar eigi síðar en tveim vikum eftir að hún veitti beiðninni móttöku.

9. gr.

Innanhúslagnir, og breytingar og aðgerðir á þeim, skulu einungis og að öllu leyti framkvæmdar af stöðvarstjóra eða öðrum mönnum, er hreppsnefndin löggildir til þess. Engir aðrir mega fást við slík störf, enda ber rafveitunefnd að neita að láta setja lagnir þær í samband sem ekki eru framkvæmdar af löggiltum rafvirkja, eða stöðvarstjóra.

10. gr.

Þegar rafvirki hefir lokið við innanhúss- eða utanhússlögn, skal hann tilkynna það stöðvarstjóra, er prófar og skoðar lögnina, og úrskurðar hvort hún sé gerð samkvæmt reglum og hæf til sambands við rafveituna. Skal rafvirki bera ábyrgð á lögninni í eitt ár, og bæta að fullu og endurgjaldslaust galla þá er fram kunna að koma á því tímabili, og sýnt er að stafi af slæmu efni eða illum frágangi. Rafvirki skal einnig tilkynna stöðvarstjóra allar meiri háttar breytingar og aðgerðir, er hann framkvæmir á eldri lögnum og ber stöðvarstjóra að skoða þær og prófa, áður en þær eru settar aftur í samband.

11. gr.

Starfsmenn rafveitunnar og meðlimir rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang til þess að skoða innlagnir og tæki þau, er notuð eru, og séu

gallar á, skulu þeir tafarlaust bættir á kostnað húseiganda eða rafvirkja, eftir því hvort ábyrgðartími rafvirkja er útrunninn eða ekki.

11
1. marz

Séu gallar ekki bættir, getur stöðvarstjóri rofið sambandið við húsið þar til aðgerð hefir farið fram, og ber húseiganda enginn afsláttur af rafmagnsgjaldinu þess vegna, þótt hann kaupi raforku við föstu árgjaldi.

12. gr.

Sé rafmagn notað á annan hátt en um var samið, eða mælitæki raskað skal notandi greiða þrefalt gjald eftir gjaldskránni fyrir straum þann er eftir mati rafveitunefndar hefir verið notaður óleyfilega. Við endurtekning skal sambandið rofið við notanda, og ábyrgð komið fram á hendur honum.

13. gr.

Enginn má taka raforku úr leiðslum raforkunnar, nema leyfi rafveitunefndar komi til né aðhafast nokkuð það, er valdið getur skemmdum á leiðslum, tækjum, eða öðrum mannvirkjum hennar.

14. gr.

Reksturstími stöðvarinnar er dag og nótt allt árið, að undanskildum tíma til aðgerða samkv. 7. gr. sem framkvæma skal að nóttu til þegar unnt er.

15. gr.

Löggiltir rafvirkjar skulu skyldir til þess að tilkynna stöðvarstjóra sérhverja bilun eða galla, er þeir kunna að verða varir við á útileiðslum eða innanhúslögnum. Sömuleiðis ber þeim tafarlaust að hlýða kalli sérhvers rafmagnsnotanda þegar aðgerða þarf við á rafmagnslögn eða tækjum.

16. gr.

Notendur skulu sjá um, að tæki þeirra og lagnir séu ætíð í góðu lagi og skýra stöðvarstjóra frá sérhverri bilun, sem þeir verða varir við.

17. gr.

Rafveitunefnd getur bannað notkun þeirra áhalda, er að hennar áliti eru ótrygg eða hætt við að verði til tálmunar góðum rekstri.

18. gr.

Hreppsnefnd sker úr ágreiningi, er rísa kann út af einstökum ákvæðum reglugerðar þessarar, en úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðuneytisins.

19. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla, samkvæmt reglugerð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjóra, er rafveitustjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar.

11

1. marz

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða setktum allt að 500,00 krónum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð, samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. marz 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

12

3. marz

S A M Þ Y K K T

um

gjaldþaga útsvara í Reykjavík.

Gjaldþagar útsvara til bæjarsjóðs Reykjavíkur eftir aðalniðurjöfnun skulu vera fimm á ári 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október og skal greiða fimmtung útsvars í hvert skipti.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 59, 8. september 1931 um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926 um útsvör, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. marz 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.